

## Dagskrá

Mæting: sjá meðfylgjandi mætingalista

Börkur A. Hansen tók að sér fundarstjórn.

Guðrún Geirsdóttir ritaði fundargerð

- Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt

- **Skýrsla stjórnar**

Formaður, Jóhanna Einarsdóttir, lagði fram árskýrslu félagsins. Hún rifjaði upp markmið félagsins og gerði grein fyrir störfum stjórnar síðasta ár. Opnað var fyrir umræður og urðu þær allnokkrar. Rætt var um tímaritið og hvernig standa mætti betur að kynningu þess. Hafþór gerði grein fyrir sölu tímaritsins sem einkum hefur farið fram í gegnum heimasíðuna. Spurt var um hvort áherslumunur yrði á tímariti FUM og tímaritinu Uppeldi og menntun og taldi formaður það í verkahring nýrrar ritstjórnar að marka slíka stefnu. Beðið var um upplýsingar um kostnað við útgáfu og styrki og veitti Hafþór þær upplýsingar. Rætt var um mikilvægi útgáfu og smæð lesendahópsins. Nokkur umræða varð um það hvernig félagið gæti á annan máta ýtt undir umræður og samstarf á sviði menntarannsóknna.

- **Reikningar félagsins**

Gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum. Ákveðið var að hafa bókhaldsárið frá áramótum til áramóta. Hann benti á að enn væru nokkrir stórir reikningar ógreiddir. Reikningar voru samþykktir.

- **Ákvörðun félagsgjalda**

Formaður gerði grein fyrir hugmyndum stjórnar um félagsgjöld. Þau hafa verið kr. 2000 frá stofnun félagsins. Lagt var til að hækka félagsgjöld í kr. 3500 en hafa innifalið í þeirri upphæð tímarit FUM og var vísað til þess að þessi háttur er hafður á víða í sambærilegum félögum í nágrannalöndum okkar. Fundarmenn tóku jákvætt í þessa tillögu en bentu jafnframt á mikilvægi þess að tímaritið hlyti betri kynningu og voru settar fram efasemdir um möguleika þess að halda úti árlegri útgáfu. Töldu sumir að mikilvægt væri að skapa ákveðna festu með árlegri útgáfu og slík festa skipti miklu fyrir tímaritið. Bent var á að félagsmenn gengu í félagið sakir áhuga síns á menntarannsóknnum og því væri ekki mikil áhætta tekin með árlegri útgáfu. Eftir umræðu var samþykkt að hafa félagsgjöldin kr. 3500 og að tímarit ársins væri innifalið í gjaldinu. Þá var samþykkt að fela nýrri stjórn umboð til að ákveða afslátt fyrir nema, nokkurs konar stúdentaáskrift.

- **Stjórnarkjör**

Úr stjórn gengu Jóhanna Einarsdóttir, formaður, Guðrún Geirsdóttir, ritari, Kristín Helga Guðmundsdóttir, og Börkur A. Hansen meðstjórnendur og Júlíus K. Björnsson, varamaður. Áfram sitja í stjórn Hafþór Guðjónsson og Bragi Guðmundsson, varamaður. Þá gaf Amalía Björnsdóttir (KHÍ) kost á sér sem varamann í stjórn.

Guðný Guðbjörnsdóttir var einróma kosin formaður með lófaklappi. Eftirfarandi voru öll kosin einróma í stjórn: Jóhanna Rósa Arnardóttir (Hugheimar) Ragnar F. Ólafsson (Námsmatsstofnun), K. Stella Blöndal (Félagsvísindastofnun H.Í.) og Þórdís Þórðardóttir (KHÍ).

- **Önnur mál**

Allyson Macdonal sagði frá fyrirhuguðum fundi um rannsóknir: Undirstaða þekkingarþjóðfélagsins. Staða og stefnumótun í menntarannsóknum sem haldinn verður 28. febrúar í húsnæði KHÍ kl. 13:15

Guðný Guðbjörnsdóttir þakkaði fundarmönnum traustið og ræddi gott veganesti frá fráfarandi stjórn og þakkaði fráfarandi stjórnarformanni og stjórnarmönnum vel unnin störf í þágu félagsins.